

Öryggi barna í bílum

Niðurstöður könnunar á öryggi barna í bílum við leikskóla 2019




Október 2019

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Samgöngustofa gerðu könnun á öryggi barna í bílum á þessu ári. Könnunin var gerð við 57 leikskóla í 28 þéttbýliskjörnum víða um land og var búnaður hjá 2.088 börnum kannaður.

Aðeins eitt af hverjum 100 börnum laus í bifreið

Ef teknar eru upplýsingar úr umferðarkönnunum Umferðarráðs og lögreglunnar frá árunum 1985 til 1995 og þeim bætt við niðurstöður kannana á öryggi barna í bílum við leikskóla má sjá þróunina frá árinu 1985 til dagsins í dag. Árið 1985 voru um 80% barna laus í bílum en í dag er sá fjöldi kominn niður í 1%.

Á myndinni táknar rautt laus börn í bíl, appelsínugult börn sem nota aðeins bílbelti (sem er ekki réttur búnaður) og grænt táknar börn í viðeigandi öryggisbúnaði.




1988 Sekt fyrir að vera ekki í öryggisbelti í framsætum

1990 Beltaskylda fyrir öll sæti í bíl og skylt að nota sérstakan öryggis- og verndarbúnað fyrir börn

1999 Sérstaklega skráð ef börn voru eingöngu í öryggisbeltum

Þéttbýliskjarnar


Þeir þéttbýliskjarnar sem eru til fyrirmyndar þetta árið eru Bolungavík, Ísafjörður*, Borgarbyggð*, Vopnafjörður, Seyðisfjörður* og Kópavogur.



* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 barna

Leikskólar

Á 18 leikskólum voru öll börn í réttum öryggisbúnaði. Við röðun á einstökum leikskólum kemur þetta í ljós:



* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 barna


Hlutfall barna í réttum öryggisbúnaði

Hér sjáum við hvernig búið er að öryggi barna í bílum í þeim þéttbýliskjörnum þar sem könnunin var gerð. Þeir staðir þar sem öryggi barna í bíl er best tryggt eru lengst til vinstri og verst er það lengst til hægri.

Yfir 95%	90-95%	85-90%	80-85%	Undir 80%
Bolungavík	Reykjavík	Garður	Mývatn *	
Ísafjörður *	Akranes	Patreksfjörður		
Borgarbyggð *	Mosfellsbær			
Vopnafjörður	Selfoss			
Seyðisfjörður *	Vestmannaeyjar			
Kópavogur	Ólafsvík			
Akureyri	Hveragerði			
Reykjanesbær	Höfn í Hornafirði			
Borgarnes	Seltjarnarnes			
Hafnarfjörður	Búðardalur			
Garðabær				
Fárskrúðsfjörður				
Grindavík				
Reyðarfjörður				
Sauðárkrúkur				

Samanburður milli landshluta

Ökumenn á Austurlandi standa sig best í notkun öryggisbúnaðar fyrir börn.




Þróun í öryggis- og verndarbúnaði barna

Flestir nota bílstól sem er festur í bílinn með bílbelti eða ISOFIX festingum og er með fimm punkta belti fyrir barnið. Í ár könnuðum við notkun á bakvísandi bílstól með festingum fyrir barn og var notkun þeirra 6%. Öruggara er að barn snúi baki í akstursstefnu eins lengi og hægt er þar sem höfuð þess er hlutfallslega stórt og þungt og hálsliðir þess ekki fullþroskaðir. Með notkun bakvísandi barnabílstóla eru minni líkur á alvarlegum áverkum á mænu og heila lendi bíllinn í árekstri. Mælt er með notkun bakvísandi bílstóla til þriggja ára aldurs.

Notkun bílpúða með baki hefur aukist ár frá ári en enn nota um 5% ökumanna bílpúða án baks. Bílpúða með baki skal nota þar til barnið er 36 kíló og hefur náð yfir 135 cm hæð. Ekki er mælt með notkun bílpúða án baks. Bæði veitir bakið hliðarárekstrarvörn og eins kemur það í veg fyrir að bílpúðinn renni undan barninu. Á bakinu eru auk þess lykkjur eða hök til að festa beltið í sem tryggir að það falli rétt að líkama barnsins.


Fjöldi þeirra ökumanna sem ekki nota réttan búnað fyrir börn (eingöngu bílbelti eða engan búnað) hefur minnkað mjög undanfarið, og er nú kominn niður í 1%.



Í ökutækjum má einungis nota öryggis- og verndarbúnað (barnabílstóla) fyrir börn sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglum ECE númer 44.04 (eða síðari aðlögun þeirra) eða ECE reglum númer 129 (I-size). Búnaðurinn þarf að uppfylla sömu kröfur til að hann megi flytja inn, markaðssetja eða selja. Merkingar um hvaða kröfur búnaðurinn uppfyllir má finna á öryggisbúnaðinum.

Aldur og öryggisbúnaður

Öll börn eins árs og yngri eru í réttum búnaði og hið sama á við um 95-99% barna tveggja til fjögurra ára og meira en 91% fjögurra til fimm ára barna. Hins vegar eru aðeins 87,9% sex ára barna í réttum búnaði sem þýðir að um 12% sex ára barna eru eingöngu í bílbelti eða engum öryggisbúnaði sem er ekki í lagi þar sem barn lægra en 135 cm á hæð skal ávallt vera í öryggis- og verndarbúnaði sem hæfir hæð þess og þyngd.



Þyngd: 0 - 13 kg
Aldur: 0 - 1 árs

Bakvísandi barnabílstóll

● Virkur loftpúði bannaður

Öruggst er að velja bakvísandi barnabílstól.
Hægt er að fá sérstaka hækkun eða bakstuðning fyrir t.d. fyrirbura.

Þyngd: 9 - 18 kg
Aldur: 9 mánn - 4 ára

Bakvísandi barnabílstóll **Framvísandi barnabílstóll**

● Virkur loftpúði bannaður ● Virkur loftpúði bannaður

Öruggst er að nota bakvísandi barnabílstól eins lengi og mögulegt er.

Þyngd: 15 - 36 kg
Aldur: 4 - 10 ára

Bílpúði með baki **Bílpúði án baks**

● Virkur loftpúði bannaður ● Virkur loftpúði bannaður

Öruggst er að nota bílpúða með baki eins lengi og mögulegt er. Ráðlegt er að skipta yfir í bílpúða án baks ef barnið er vaxið upp fyrir brún baksins.

Barn 135 cm eða hærra


Hefðbundið bílsæti

● Lægra en 150 cm: Virkur loftpúði bannaður
● 150 cm eða hærra: Loftpúði virkur

Þegar barn hefur náð 135 cm hæð er ekki skylt að nota sérstakan öryggisbúnað annan en öryggisbelti. Ráðlagt er að nota bílpúða ef barninu líður betur á honum.


Öryggisbúnaður ökumanna

94% ökumanna voru í öryggisbeltum við komu að leikskólanum og er það jákvæð þróun.




55% ökumanna voru konur en 45% karlar. Þar af voru 10% kvenna og 15% karla ekki í belt. 10% beltislausra ökumanna spenntu börn sín eingöngu í bílbelti, sem er ekki réttur öryggisbúnaður fyrir börn á þessum aldri og 4% þeirra voru með börnin laus í bílnum.

Af þeim ökumönnum sem voru sjálfir í belt voru 4% sem spenntu börn sín eingöngu í bílbelti og 1% voru með börnin laus í bílnum. Það er því nokkur fylgni á milli þess að ökumaður sé sjálfur í belt og að barn sé í réttum búnaði þrátt fyrir að í örfáum tilvikum hafi ökumaður verið í belt en barn ekki í réttum öryggisbúnaði. Af þessu má ætla að beltanotkun ökumanna hafi rík áhrif á það hvort börn séu í réttum búnaði.



Beltanotkun ökumanna eftir þéttbýliskjörnum

Beltanotkun ökumanna er mismunandi eftir sveitarfélögum. Á Reyðarfirði og Vopnafirði virðast svo til allir ökumenn nota bílbelti. Hafnarfjörður og Álftanes koma þar á eftir.



* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 tilfella

Öryggisbúnaður þarf að passa bæði barni og bíl

Þegar valinn er öryggisbúnaður er mikilvægt að gefa sér góðan tíma, skoða heimasíður og kynna sér úrval verslana. Búnaðurinn þarf bæði að passa barninu og bílnum. Hægt er að fá upplýsingar á heimasíðum framleiðenda um hvort búnaðurinn passi í tiltekinn bíl eða í bæklingi sem fylgir honum. Þegar öryggisbúnaður er festur í bíl er nauðsynlegt að það sé gert á réttan hátt. Þótt barn sé í öryggisbúnaði getur það slasast alvarlega eða látið lífið í slysi ef búnaðurinn er ekki rétt festur. Því er mikilvægt að lesa vandlega allar leiðbeiningar sem fylgja bílnum og barnabílstólum.

Barn sem ekki hefur náð 150 sm hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er öryggispúða nema að púðinn hafi verið gerður óvirkur. Þessi regla á við þótt barnið sé í barnabílstól. Höggið sem öryggispúðinn gefur þegar hann springur út getur leitt barn til dauða þótt hann veiti fullorðnum öryggi.

Að lokum

Samgöngustofa hefur gefið út eftirfarandi bæklinga sem snúa að öryggi barna í bíl og eru þeir aðgengilegir á vef Samgöngustofu, www.samgongustofa.is

[Öryggi barna í bíl](#)
[Umferðaröryggi leikskólabarna](#)
[Börn í bíl - Íslenska](#)
[Börn í bíl - Enska](#)
[Börn í bíl - Spænska](#)
[Börn í bíl - Tælenska](#)
[Börn í bíl - Pólska](#)
[Börn í bíl - Filipíska](#)

Tekið skal fram að í 71. gr. umferðarlaga segir m.a. *ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 135 cm á hæð. Þá kemur fram að ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað.*

Ökumaðurinn ber þannig fulla ábyrgð á að barnið noti réttan öryggisbúnað. Gert var ráð fyrir að heimilt væri að nota eingöngu öryggisbelti ef annar búnaður er ekki til staðar. Þessu var breytt með breytingu umferðarlaga í febrúar 2015, belti kemur ekki í stað viðeigandi öryggis- og verndarbúnaðar.

Ennfremur segir í reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum: *Ökumaður skal sjá til þess að barn yngra en þriggja ára sem ferðast í ökutæki noti viðurkenndan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum í samræmi við þyngd þess. Á sama hátt skal ökumaður sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn þriggja ára eða eldra, en lægra en 135 cm að hæð viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- eða verndarbúnað ætlaðan börnum. Í hóp bifreið er þó leyfilegt að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börn þriggja ára eða eldri sem er til staðar í bifreiðinni.*

Ökumaður sem sinnir ekki skyldum sínum um verndun barna í bíl sem hann ekur má búast við að verða sektaður um 30 þúsund krónur og að fá einn refsipunkt í ökuferilsskrá fyrir hvert barn sem er laust eða ekki í réttum öryggisbúnaði í bílnum.

Börn á aldrinum 0-14 ára eru 9% allra sem slasast í umferðinni og er barn sem er farþegi í bíl í meirihluta þessara slysa. Öryggi barna er á okkar ábyrgð. Það er engin bílferð svo stutt að við gefum afslátt af því.